

## 1060.stjórnarfundur VR 30.03.2011

### Fundarsalur á 0.hæð í Húsi Verslunarinnar

**Mættir á fundinn eru:** Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Guðrún Helga Tómasdóttir (GHT), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (IÓB), Bjarki Steingrímsson (BS), Ragnar Þór Ingólfsson (RPI), Sigurður Sigfússon (SS), Benedikt Vilhjálmsson (BV), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Jón Magnússon (JM), Birgir Már Guðmundsson (BMG), Hildur Mósesdóttir (HM), Jóhanna S. Rúnarsdóttir (JSR), Óskar Kristjánsson (ÓK) og Bjarni Þór Sigurðsson (BPS).

**Ritari:** Helga Árnadóttir, forstöðumaður rekstrar- og fjármálasviðs VR.

Fundurinn er settur kl. 17.00 og hefst með því að KÖJ býður stjórnarmenn velkomna og kynnr dagskrá fundarins.

#### 1. Ársreikningar VR

Í upphafi fundar var farið yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2010. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Rekstrartekjur umfram gjöld námu 145 milj. samanborið við 34 milj. gjöld umfram tekjur árið 2009. Helstu skýringar eru 84 milj. aukning í iðgjöldum milli ára sem og minni ásókn í styrki úr sjúkrasjóði sem nemur um 165 milj. Þá var talsverð útgjaldaaukning v/orlofsmála eða sem nemur 34 milj. og 20 milj. kostnaður vegna auglýsingaherferðar á árinu. Þá hækkuðu laun um 20 milj. milli ára. Fjármagnsliðir námu alls 516 milj. samanborið við 375 miljónir árið á undan. Hreinar tekjur til ráðstöfunar námu því á rekstrarárinu 2010 661 milj. á móti 341 milj. árið 2009.

#### 2. Varasjóður félagsmanna

Stjórn VR samþykkti að lagt yrði til á aðalfundi félagsins að heildargreiðsla í varasjóð vegna ársins 2010 yrði kr. 500.000.000,- .

Undir þessum dagskrárlíð var jafnframt ákveðið var að halda aðalfund VR þann 27. apríl nk. og jafnframt áttu sér stað góðar umræður um reikninga félagsins.

#### 3. Endurskoðendaskýrsla Deloitte

BPS mætti á fundinn við upphaf dagskrárlíðar.

Þá kynntu endurskoðendur félagsins frá Deloitte þær Sólrún Ástvaldsdóttir og Pálína Árnadóttir endurskoðendaskýrslu Deloitte.

- *Umræður*

JSR fór af fundi kl. 18:00.

RPI og BMG fóru af fundi kl. 18:20.

ÁRJ fór af fundi kl. 18:50.

Í framhaldi af endurskoðendaskýrslu Deloitte var ársreikningurinn félagsins borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur með níu atkvæðum. Ákveðið var að áritun reikningsins færi fram á næsta stjórnarfundi þann 13. apríl nk. Endurskoðunarskýrsla mun liggja hjá fjármálastjóra fram að samþykki reikningsins.

#### **4. Kjarasamningar**

KÖJ fór yfir stöðu kjarasamninga og sagðist eiga von á frekari fregnum á næstu dögum. Jafnframt upplýsti KÖJ að hann hefði boðið verðandi formanni aðkomu að samningunum. Einnig að ef endurnýja þyrfti samningsumboð að hann teldi rétt, að bæði núverandi kjörnir fulltrúar og væntanlegir yrðu boðaðir til slíkra funda fram að aðalfundi félagsins.

**Fundi er slitið kl. 19:30**